

Stjórnarfundur 8/5/23, mættar Sigurveig, Thelma, Kristín, Anna Lilja, Fanney, Elísa

- 1) Viðurkenningar fyrir Naustaskóla deilt á facebook síðunni okkar.
- 2) Til umræðu voru veittar viðurkenningar frá fræðslu og lýðheilsuráði Akureyrarbæjar sem afskaplega jákvætt og gleðilegt var að heyra af. Í framhaldinu voru til umræðu óformlegar fyrirspurnir sem bárust stjórnarmeðlimum og hvort umræddar tilnefningar hefðu komið frá stjórn foreldrafélagsins eða leitað til stjórnar félagsins varðandi meðmæli. Svo var ekki, það fært til bókar og fyrirspurnum svarað.
- 3) Rætt stuttlega um ferð 10.bekkjara sem verður farin 23.-26.maí, vonandi gengur allt vel og þau skemmti sér konunglega.
- 4) Foreldrum var boðið í skólann aftur í 6.-7.bekk, góð kynning fór fram og margir foreldrar komu.
- 5) Akureyrarbær var að semja við samtökin 78, frétt á Akureyri.net - <https://www.akureyri.is/is/frettir/samstarfssamningur-akureyrarbaejar-og-samtakanna-78-var-undirritadur-i-dag>
- 6) Í framhaldi ætlum við að skila inn minnisblaði til fræðsluviðs/fræðsluráðs til að skoða hvort væri ráðlegt með haustinu að mála regnbogafánann við alla skóla, þá er ekki hægt að skera niður fánann af fánastöng eins og gerðist í Naustaskóla í jólafríinu.
- 7) Samtaka hefur gengið mjög brösulega í vetur, bæði að halda fundi, illa mætt á þá, ekki gott skipulag og lítið um framtak. Hvað var gert og er einhver peningur sem Samtaka á að fá yfir vetur, var hann nýttur á einhvern hátt. Innskot - Eftir Samtaka fund 22/5 – mikil bjartsýni varðandi komandi skólaár. Samtaka á ekki sjóð eða pening.
- 8) Örlítill peningur eftir. Hvað vantar skólanum:
 - a) Hlið upp stigann og hlið inn í sal.
 - b) Frístund, keypt útileikföng
 - c) Ísrúntur – senda á teymi skólans
 - d) Ýta við foreldrum einu sinni enn varðandi bekkjarkvöld.

Tekin ákvörðun um punkt 8, keypt útileikföng fyrir frístund.